

Ed.

445. Frumvarp

til laga um friðun silungs í vötnum.

Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykkt um friðun á silungi og um veiðiaðferðir í vötnum, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Þá er 3 menn eða fleiri eiga rétt til silungsveiði í sama vatni, getur meiri hluti þeirra krafist, að sýslunefndin gangist fyrir samþykkt, slíkri sem um er rætt í 1. gr. Atkvæðisrétt hafa allir þeir, er veiðirétt hafa með höndum á því svæði, er samþykktin verður að ná til. Þó kemur atkvæði landsdrottins, ef hann kemur til fundar, í stað leiguliða.

3. gr.

Þá er krafist er samþykktar samkv. 2. gr., skal sýslunefnd taka til meðferðar á fyrsta fundi sínum frumvarp til samþykktarinnar og gera það úr garði eins og henni virðist rétt. Síðan kveður oddviti hennar til fundar, á þeim stað er sýslunefnd til tekur og með nægum fyrirvara, alla þá, er atkvæði eiga um samþykkt þá. Stýrir oddviti fundinum eða sá maður annar, er hann kveður til þess.

4. gr.

A samþykktarfundi leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktarinnar, eins og sýslunefndin hefir samþykkt það. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{5}$ atkvæða, sendir sýslunefndin það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það efnisbreytingar, ef sýslunefnd felst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{5}$ atkvæða, fer um það sem fyr segir. Að öðrum kosti er frumvarpið fallið. Eigi má fallið samþykktarfumvarp eða fallnar breytingartillögur bera upp á ný fyrir næsta aðalfund sýslunefndar.

5. gr.

Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, er samþykktin endursend án staðfestingar, og fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarinnar. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og til tekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla, er silungsveiði stunda á því svæði er hún nær til.

6. gr.

Nú vilja menn breyta löggiltri samþykkt um silungsfriðun eða nema úr gildi, og þarf til þess alla sömu aðferð og að koma henni í gildi.

7. gr.

Í samþykktum þessum má ákveða um friðun á riðasilungi og riðastöðvum (gotstöðvum) um ákveðinn tíma árs eftir mismunandi staðháttum, ennfremur um friðun á

Ófullþroska silungi og um tilhögun netja og annara veiðivéla. Þar má og ákveða sektir fyrir brot á samþyktnni allt að 100 krónum. Í samþykkt skal ákveðið um eftirlit, er nauðsynlegt þykir, til þess að ákvæða hennar sé gætt, og hversu kostnað við það skal greiða.

8. gr.

Brot gegn samþykktum þessum sæta sömu meðferð sem opinber lögreglumál.